

**Jarðhitafélag Íslands**  
**Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2010 - 2011**  
**Aðalfundur 12. apríl 2011**

Kæru félagsmenn,

Á síðasta aðalfundi urðu breytingar á stjórn félagsins. Ásgeir Margeirsson sem hafði verið formaður stjórnar félagsins í tvö kjörtímabil var ekki tækur til kjörs formanns samkvæmt lögum félagsins. Í hans stað var Jakob S. Friðriksson kjörinn formaður. Auður Andrésdóttir og Ólafur G. Flóvenz gáfu ekki kost á sér til endurkjörs og í þeirra stað var kjörinn, auk Jakobs, Sigurður M. Garðarsson. Ásgeir Margeirsson og Bjarni Pálsson gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og hlutu báðir endurkjör til tveggja ára. Áfram sátu í stjórn Ragna Karlsdóttir, Jónas Matthíasson og Gústaf Adolf Skúlason. Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson kjörnir til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn ársreikninga og Oddur B. Björnsson til vara.

Ný stjórn skipaði með sér verkum með þeim hætti að auk Jakobs S. Friðrikssonar formanns var Bjarni Pálsson valinn sem varaformaður, Gústaf Adolf Skúlason ritari, Jónas Matthíasson gjaldkeri og Ásgeir Margeirsson, Ragna Karlsdóttir og Sigurður M. Garðarsson meðstjórnendur.

Starfsemi Jarðhitafélagsins var blómleg á liðnu starfsári. Stjórnin hélt 7 fundi frá síðasta aðalfundi og fjallaði sem fyrr um mál af ýmsum toga. Stærstu viðfangsefnin eru jafnan haust- og vorfundir, en áður hafði verið ákveðið að fella saman vorfund og aðalfund, líkt og við höfum gert á nýliðnum árum.

Skal nú stiklað á stóru í starfi félagsins frá nýliðnu ári;

### **Vorfundur JHFÍ 2010**

Á vorfundi 2010, sem haldinn var í Víðgelmi, Orkugarði, miðvikudaginn 14. apríl, í kjölfar aðalfundar líkt og nú, var fjallað um leyfisveitingar, regluverk, undirbúning jarðhitavirkjana og skilvirkni í skipulags-, mats- og leyfismálum. Stjórn félagsins skynjaði mikinn samhljóm meðal fundarmanna um sóknarfæri til að einfalda leyfisveitingamál og gera skilvirkari Stjórnin fylgdi því eftir með bréfi til Samorku þar sem óskað var eftir samstarfi við Samorku, þar sem þróaðar yrðu hugmyndir til einföldunar á stjórnslu jarðgufuvirkjana og vatnaflsvirkjana. Hugmyndirnar yrðu unnar í samvinnu við orkufyrirtæki, ráðgjafa og opinberar stofnanir og þeim síðan komið á fram færi við stjórnvöld. Samorka tók jákvætt í erindið en taldi að móta þyrfti hugmyndina betur eða útfærslu hennar. Þar sem Jarðhitafélagið hefur takmarkaðan aðgang að aðföngum til slíks ákvað stjórnin að senda erindi til forsætisráðherra þar sem farið var á leit við ráðuneytið að það beitti sér fyrir samstarfi hagsmunaaðila um endurskoðun og endurskipulagningu regluverks um rannsóknir og nýtingu á jarðhita, með því að markmiði að ferlið verði gert betra, ódýrara, skilvirkara og einfaldara. Erindið var sent í byrjun september á síðasta ári og hafa engin viðbrögð borist.

### **Haustfundur JHFÍ 2010**

Haustfundur Jarðhitafélagsins var haldinn í Hellisheiðarvirkjun 7. desember síðastliðinn og var dagskráin tileinkuð störfum Kristjáns Sæmundssonar, jarðfræðings sem kjörinn var heiðursfélagi í Jarðhitafélagi Íslands á aðalfundi 2010. Fundinn sóttu tæplega 60 manns og staðsetning hans var mjög vel við hæfi enda Kristján frumkvöðull í rannsóknum á jarðhita á

Hengilssvæðinu. Að loknum vel heppnuðum fundi leiddu starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur skoðunarferð um virkjunina.

### **Ferðastyrkir JHFÍ til íslenskra doktorsnema**

Á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt að í tilefni af 10 ára afmæli félagsins muni stjórn þess veita 3 styrki, einn á ári, til íslensks doktorsnema í jarðvísindum eða verkfræði, til að sækja alþjóðlega jarðhitaráðstefnu á borð við GRC. Styrkurinn komi á móti kostnaði og geti numið allt að kr. 350 þúsund. Félagið auglýsti eftir umsóknum í ágúst. Stjórn félagsins sá sér ekki fært að gera upp á milli tveggja afar frambærilegra umsækjenda og því varð úr að báðir hlutu styrk, allt að 350 þúsund krónum, enda fjárhagslegur styrkur félagsins góður. Styrkþegar voru Edda Sif Pind Aradóttir og María Sigríður Guðjónsdóttir. Edda Sif fór á haustþing AGU (American Geophysical Union) um miðjan desember og kynnti niðurstöður rannsókna sinna um CO<sub>2</sub> niðurdælingu. María Sigríður hélt á GRC í lok október (Geothermal Resource Council) og kynnti niðurstöður rannsókna sinna um mat tveggja fasa streymi í jarðhitageymum.

### **Þátttaka í Alþjóða jarðhitasambandinu (International Geothermal Association, IGA)**

Heimsþing Alþjóða jarðhitasambandsins, World Geothermal Congress 2010, var haldin á Balí á Indónesíu í apríl og voru íslenskir jarðhitavísindamenn áberandi að vanda, alls um 100 manns með sjálfan forseta lýðveldisins í fararbroddi. Í kjölfar ráðstefnunnar undirritaði formaður félagsins viljayfirlýsingu, Bali Declaration, þar sem leiðtogar heims eru hvattir til að stuðla að nýtingu jarðhita í stað mengandi orkugjafa.

### **Jarðhitafélag Íslands**

Stjórn Jarðhitafélagsins tilnefndi tvo fulltrúa sína til kjörs í stjórn Alþjóða jarðhitasambandsins 2010-2013. Benedikt Steingrímsson var tilnefndur til endurkjörs en Bjarni Pálsson til kjörs í stað Gests Gíslasonar, fráfarandi ritara samtakanna, sem setið hafði í tvö kjörtímabil og var því ekki lengur kjörgengur. Jafnframt tilnefndi stjórn Alþjóða jarðhitasambandsins fráfarandi framkvæmdastjóra samtakanna, Árna Ragnarsson. Allir þrír íslensku frambjóðendurnir náðu kjöri.

Jarðhitafélag Íslands hefur haldið úti vettvangi hagsmunaaðila og áhugafólks um jarðhita til skoðanaskipta, haust- og vorfundi félagsins. Alltaf er að nógu af taka til umræðu á fundunum og erfitt að velja á milli umfjöllunarefna. Stjórnvöld hafa nú mörg járn í eldinum er varða jarðhitaiðnaðinn, sum hver eru metin stórpólítísk og önnur flókin sem leiðir af sér langan umþóttunar og afgreiðslutíma; Sem dæmi um verkefni sem tengjast Jarðhitafélagi Íslands má nefna rammaáætlun II, orkustefnu stjórnvalda, skilgreiningu á sjálfbærni jarðhitanýtingar og boðaða auðlindastefnumótun. Eins verður ekki komist hjá að geta umræðu um eignarhald á auðlindum og orkufyrirtækjum. Yfirskrift vorþings nú á eftir er „Stendur jarðhitinn í stjórnkerfinu? orkustefna, eignarhald, sjálfbærni, rammaáætlun, auðlindanýting“. Iðnaðarráðherra mun heiðra okkur með opunarávarpi fundarins. Ég vona að fundurinn, frummælendur sem og efnistösk séu áhugaverð og gagnleg.

Á þessum fundi lýkur kjörtímabili þeirra Jónasar Matthíassonar og Rögnu Karlsdóttur. Jónas, sem hefur gegnt embætti gjaldkera, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu og sömuleiðis Ragna. Vil ég þakka þeim framlag þeirra til félagsins og ánægjulegt samstarf á vettvangi þess á liðnum árum. Ég vil þakka öllum stjórnarmönnum samstarfið á liðnu starfsári og sérstaklega þakka ég Gústaf Adolf fyrir að bera hitann og þungann af dags dagslegri umsýslu félagsins.

Fjármál félagsins eru með ágætum, félagið safnar hvorki sjóðum að óþörfu né sólundar fé og varð engin breyting þar á í kjölfar efnahagshrunsins. Jónas Matthíasson gjaldkeri hefur annast fjármál félagsins af stakri samviseksemi. Jónas gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa og færi ég honum þakkar fyrir vel og samvisekusamlega unnin störf á liðnum árum.

Jarðhitaiðnaðurinn á Íslandi laskaðist nokkuð við efnahagshrunið og sú gróska sem átti sér stað hjaðnaði nokkuð. En tækifærin eru enn til staðar, við getum notað svigrúmið til að safna kröftum og vera í stakk búin þegar umhverfi okkar leyfir.

Að endingu vil ég þakka félagsmönnum og aðildarfélögum Jarðhitafélagsins fyrir samstarfið á liðnu ári.

Jakob S. Friðriksson / Bjarni Pálsson